

Umsögn foreldraráðs Vinagerðis

Foreldraráð Vinagerðis þakkar tækifærið til að veita umsögn um tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um lokun leikskólans Vinagerðis og forgang barna yfir í aðra leikskóla.

Lokun leikskólans eru afar daprar fréttir fyrir börn, fjölskyldur og hverfið í heild sinni. Vinagerði hefur í gegnum tíðina verið eftirsóknarverður leikskóli ekki síst vegna þess hve metnaðarfullt og öflugt starf hefur einkennt leikskólann. Eðlilega fylgir því mikill söknuður að sjá á eftir leikskólanum Vinagerði.

Foreldraráð skilur þær aðstæður sem liggja að baki tillögunni og beinir því sjónum sínum að því að tryggja hagsmuni barnanna og fjölskyldum þeirra sem í hlut eiga.

Foreldraráð leggur ríka áherslu á að tryggður verði raunverulegur og skýr forgangur fyrir þau börn sem áttu að vera áfram í Vinagerði skólaárið 2026–2027, þannig að þeim verði tryggt leikskólapláss í samræmi við óskir foreldra/forráðamanna, hvar sem er í Reykjavík.

Einnig er afar brýnt að tryggt verði að starfsemi leikskólans haldist stöðug fram að lokun 15. september 2026. Stöðugleiki er lykilatriði fyrir börn og fjölskyldur og því er mikilvægt að Reykjavíkurborg geri ráðstafanir til að tryggja nægt starfsfólk og samfellu í starfi á meðan lokunarferlið stendur yfir.

Foreldraráð vill jafnframt benda á mikilvægi þess að huga strax að langtímalausn fyrir hverfið, þannig að tryggt verði að börn sem alast upp í nærumhverfinu hafi aðgang að leikskólaplássi á viðunandi aldri. Nauðsynlegt er að skýr áætlun liggi fyrir um hvernig brugðist verður við þeirri stöðu sem skapast við lokun Vinagerðis.

Fyrir hönd foreldraráðs Vinagerðis,

Birta Þórsdóttir
Brynhildur Jensdóttir
Tinna Óðinsdóttir